

## Mál nr. 5/2011

Ár 2011, mánudaginn 10. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 5/2011

X

gegn

Y

Og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 22. febrúar 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 28. febrúar 2010 og henni gefin andmælafrestur til 28. mars. Hinn 10. mars móttók siðanefnd svarbréf kærðu Y og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 2. maí. Kærða Y mætti ekki á sáttafundinn og var haft samband við hana símleiðis á fundi siðanefndar hinn 9. maí. Á þeim fundi komu ekki fram frekari andmæli frá kærðu Y og ekki náðust sættir með aðilum og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn XX í eigu kærðu Y paraður við tíkina YY hinn 6. ágúst 2010. Hundarnir eru af kyninu íslenskur fjarhundur. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða Y svaraði því til að augnvottorð hundsins hefði runnið út í apríl 2010 og að engar augnskoðanir hefðu verið á vegum félagsins fram til þess tíma er hann var paraður 6. ágúst en hann hefði verið augnskoðaður við fyrsta tækifæri sem bauðst eftir það sem var 20 nóvember 2010. Augnskoðunin fór fram áður en ættbækur voru gefnar út og taldi kærða Y að kæran væri tilefnislaus og kvaðst ávallt hafa haft í heiðri lög um dýravernd og ekki hafa brotið lög og ræktunarreglur félagsins.

### III. Forsendur

Samkvæmt Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið íslenskur fjárhundur:

*„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblundu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004)“*

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 6. ágúst 2010 var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 26 mánaða hjá undaneldishundum sem eldri eru en þriggja ára. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem

áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur gefið þá skýringu að hún hafi ekki sótt ættbækur fyrr en ljóst var að rakkinn hefði staðist augnskoun og hún hafi strax og hægt var komið með hundinn í augnskoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist augnskoðun eftirá. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

#### **IV. Niðurstaða**

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

**Sign:**

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir